



Bæjarstjórn Blönduósbæjar 40. FUNDUR – 11. júní 2009

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til fundar fimmtudaginn 11. júní 2009 kl. 17:00 að Hótel Blönduós Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Stefanía ritaði fundargerð. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. *Ársreikningur 2008 – seinni umræða*
2. *Fundargerðir:*
 - a) *Bæjarráð frá 25. maí 2009*
 - b) *Menningar-og fegrunarnefnd frá 13. maí 2009*
 - c) *Menningar-og fegrunarnefnd frá 25. maí 2009*
 - d) *Menningar-og fegrunarnefnd frá 28. maí 2009*
 - e) *Fræðslunefnd frá 18. maí 2009-06-05*
 - f) *Stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga frá 22. maí 2009*
 - g) *Stjórnar SSNV frá 12. maí 2009*
 - h) *Heilbrigðisnefndar NV frá 26. maí 2009*
3. *Sundlaugarframkvæmd*
4. *Atvinnumál*
5. *Kosningar samkvæmt samþykktum Blönduósbæjar*
 - a) *Kjör forseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar*
 - b) *Kjör 1. Varaforseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar*
 - c) *Kjör 2. Varaforseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar*
 - d) *Kjör þriggja aðalfulltrúa og þriggja varafulltrúa í bæjarráð Blönduósbæjar*
6. *Sumarfrí*

Forseti bauð velkominn til fundarins Þóri Sveinsson sem leysir af sem fjármálastjóra bæjarins. Forseti óskaði eftir að upp yrði tekinn liðurinn önnur mál og var það samþykkt. Einnig óskaði forseti eftir breytingu á dagskrá og óskaði eftir að liður 3. Sundlaugarframkvæmd yrði tekinn á eftir lið 1. og var það samþykkt.

Afgreiðslur:

1. *Ársreikningur 2008 – seinni umræða*

Forseti bar upp ársreikninga 2008 og voru þeir samþykktir samhljóða með 7 atkvæðum.

3. *Sundlaugarframkvæmd*

Jóna Fanney Friðriksdóttir leggur fram eftirfarandi bókun: „ Sbr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga viku undirrituð sæti við meðferð og afgreiðslu liðar 3 sem er á dagskrá bæjarstjórnar vegna tengsla við annað fyrirtækið í útboði þessu í gegnum sambýlismann minn.“

Einnig tekur Valdimar Guðmannsson fram að hann telji sig vanhæfan undir þessum lið og víkja þau Jóna Fanney og Valdimar af fundi.

Til fundarins eru mættir þeir Stefán Árnason, Guðmundur Haraldsson og Ágúst Þór Bragason. Ágúst Þór fór yfir ferlið sem undan er gengið varðandi útboð í 2. Áfanga sundlaugarbyggingar.



Valgarður tók til máls og sagðist meðal annars hafa orðið fyrir vonbrigðum með framgang mála varðandi þetta ferli, en tilgangurinn hefði verið sá að láta heimamenn njóta verksins í ljósi erfiðra tíma í þjóðfélaginu.

Forseti bar fram eftirfarandi bókun: „ *Bæjarstjórn Blönduósbæjar samþykkir að hafna báðum tilboðum sem bárust í 2. áfanga sundlaugarbyggingarinnar þar sem þau eru yfir kostnaðar- áætlun. Bæjarstjórn samþykkir að fela sundlaugarhóp og Tæknideild Blönduósbæjar að annast byggingarstjórn verksins og semja við verktaka um einstaka þætti.* “ Bókunin var samþykkt með 4 atkvæðum, af þeim Jóni Aðalsteini Sæbjörnssyni, Valgarði Hilmarssyni, Sigurlaugu Markúsdóttur, og Kára Kárasyni 1.sat hjá Héðinn Sigurðsson.

Lánasamningur við Lánasjóð sveitarfélaga.

Lögð fram lánsskjöl vegna töku láns hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð 50 millj.kr. til að fjármagna framkvæmdir við nýja sundlaugarbyggingu.

Bæjarstjórn Blönduósbæjar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 50.000.000 kr. til 15 ára, í samræmi við lánssamning nr. 42/2009 sem liggur fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að fjármagna byggingu sundlaugar sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Arnari Þór Sævarssyni, bæjarstjóra, kt. 161171-4339 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Blönduósbæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Bókunin borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum 1 situr hjá

2. Fundargerðir:

a) Bæjarráð frá 25. maí 2009

Fundargerð kynnt og tekin til umræðu. Tekið skal fram að Jóna Fanney situr hjá varðandi 7. lið . Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7. atkvæðum samhljóða.

b) Menningar-og fegrunarnefnd frá 13. maí 2009

Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktana.

c) Menningar-og fegrunarnefnd frá 25. maí 2009

Fundargerðin kynnt og rædd. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

d) Menningar-og fegrunarnefnd frá 28. maí 2009

Fundargerðin kynnt og rædd, fundargerðin því næst borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

e) Fræðslunefnd frá 18. maí 2009

Fundargerðin kynnt og rædd. Fundargerðin síðan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

f) Stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga frá 22. maí 2009

Fundargerðin lögð fram til kynningar.



g) Stjórnar SSNV frá 12. maí 2009
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Heilbrigðisnefndar NV frá 26. maí 2009
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. Atvinnumál

Arnar Þór bæjarstjóri sagði frá heimsókn erlendra aðila varðandi mögulega staðsetningu Netþjónabús á Íslandi, en þeir komu hér í síðustu viku og var þeim kynnt svæðið. Forseti þakkaði bæjarstarfsmönnum sérstaklega fyrir góða vinnu varðandi móttöku þessara aðila.

5. Kosningar samkvæmt samþykktum Blönduósbæjar

a) Kjör forseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar

Tillaga um Valgarð Hilmarsson, samþykkt með 6 atkvæðum, 1 situr hjá.

b) Kjör 1. Varaforseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar

Tillaga um Ágúst Þór Bragason, samþykkt með 6 atkvæðum, 1. situr hjá

c) Kjör 2. Varaforseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar

Tillaga um Valdimar Guðmannsson, samþykkt með 6 atkvæðum 1 situr hjá.

d) Kjör þriggja aðalfulltrúa og þriggja varafulltrúa í bæjarráð Blönduósbæjar.

Aðalmenn: Tillaga um Valdimar Guðmannsson Á-lista, Jón Aðalstein Sæbjörnsson E-lista og Kára Kárason D-lista. *Varamenn:* Tillaga um Jón Örn Stefánsson Á-lista, Ágúst Þór Bragason D-lista og Zophonías Ara Lárusson E-lista, samþykkt með 6 atkvæðum, 1 situr hjá

6. Sumarfrí

Bæjarstjórn samþykkir að sumarfrí standi yfir frá 12 júní til 15 ágúst 2009. Bæjarstjórn felur bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála á þeim tíma.

7. Önnur mál

a) Fundargerð Bæjarráðs frá 10. Júní 2009

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

b) Fundargerð Skipulags og bygginganefndar frá 6. Maí 2009.

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu, að því loknu er fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða

c) Fundargerð Skipulags og bygginganefndar frá 10. Júní 2009.

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Valgarður Hilmarsson (sign.)

Héðinn Sigurðsson (sign)

Jóna Fanney Friðriksdóttir(sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)

Sigurlaug Markúsdóttir (sign)

Fundi slitið kl. 19: 15

Stefanía A. Garðarsd. (sign)



Valdimar Guðmannsson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)